ara. Einnig ber þeim að gæta þess, að byggingarfróðir menn virði húseignir, og að virð- **175**
ingarmenn á jörðum sjeu góðir og greindir búmenn. Bezt virðist fara á því, að hrepp- 29. nóv.
stjórar eða úttektarmenn verði kvaddir til þess að virða jarðeignir, sjeu ekki tengdir eða skyldleiki því til fyrirstöðu. En sýslumaður er ekki bundinn við hreppstjóra eða úttekt-
armenn. Það er jafnvel ekkert því til fyrirstöðu, að hann skipi utansveitar- eða utan hjer-
aðsmenn til þess að framkvæma virðinguna, ef þeir fást til þess, og verða að álítast eins
kunnugir búnaðarháttum í viðkomandi sveit eða hjeraði og innansveitar- eða hjeraðs-
menn.

7.

Þegar virðingargjörðin er um garð gengin og rituð, skulu virðingarmennirnir bæta við hana yfirlýsingu um, að þeir sjeu fúsir á að staðfesta hana með eiði, ef krafizt verður. Ef hreppstjóri eða úttektarmaður tekur þátt í virðingunni, ber honum þar að auki að skírskota til eiðs þess, er hann hefir unnið sem hreppstjóri eða úttektarmaður. Þar eptir dagsetja þeir gjörðina, rita nöfn sín undir hana, og senda hana sýslumanni, er fer nákvæmlega yfir hana og ritar á hana athugasemdir sínar.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 29. nóv. 1878.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

— *Brjef* landshöfðingja *til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um* inn- **176**
heimtingu vitagjalds. — Jafnframt því að leiða þóknanlegt athygli yðar, herra 29. nóv.
amtmaður, að auglýsingu þeirri um, að vitinn á Reykjanesi komi í fullt gagn 1. desem-
ber, er prentuð er í stjórnartíðindunum B 1878 — 155, og að lög um vitagjald af skip-
um, dagsett 12. apríl 1878 nái gildi frá sama degi, vil jeg þjónustusamlega skora á yð-
ur að leggja fyrir hlutaðeigandi lögreglustjóra (bæjarfógeta og sýslumenn) að heimta inn
gjald þetta frá nefndum degi með öðrum skipagjöldum, og að rita það í sjerstakan dálk,
er gjöra skal í hinni löggiltu aukatekjubók á eptir þeim dálki, sem ritað er yfir: «Erfða-
fjárskattur», og skal síðan gjöra grein fyrir vitagjaldinu, samkvæmt fyrirmælum reglu-
gjörðar 26. maí þ. á.

Þar að auki ber hlutaðeigandi reikningshöldurum í janúarmánuði ár hvert að senda amtmanni áleiðis til landshöfðingja skrá um öll skip þau, er gjöld hafa verið heimt-
uð af, og skal skrá þessi innihalda hinar nauðsynlegu skýringar um nöfn skipanna, hvar
þau eigi heima, hve mikið þau beri, hve nær þau hafi komið á viðkomandi höfn, hve nær
greitt gjaldið, og hve mikil upphæð þess hafi verið.

— *Brjef* landshöfðingja *til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um* skil **177**
fyrir aukatekjum. — Með brjefi frá 10. október þ. á. hafið þjer, herra amtmað- 4. desbr.
ur, sent mjer brjef sýslumannsins í Árnessýslu, þar sem hann setur fram nokkrar
spurningar, viðvíkjandi reglugjörð 25. maí þ. á. um innheimtingu og reikningsskil á
aukatekjum o. fl. og látið þjer í ljósi um þær það álit,

1. að hagfelldast sje að reikna tímabil það, er getur um í 5. grein reglugjörðar-
innar þannig, að hinn fyrsti ársfjórðungur, sem reikningsskil eiga að gjörast fyrir, teljist
til 30. september, og síðan sje farið eptir almanaksárinu.